



Námsflokkar Reykjavíkur



starfsKRAFTUR

Tilboð fyrir ungmenni
16–18 ára
með lögheimili í Reykjavík

- Hvenær?
- Frá 25. september - 18. desember 2017
- Hvar?
- Í Námsflokkum Reykjavíkur að Suðurlandsbraut 32, 2. hæð — á vinnustöðum
- Hvernig?
- Námskeið alla daga í byrjun, síðan nám tvisvar í viku - starf þrisvar í viku - 14 vikur alls

Námið hefst 25. september 2017

Verkefnið starfsKRAFTUR er ætlað fólki á aldrinum 16-18 ára með lögheimili í Reykjavík sem hvorki stundar nám né vinnu. Markmiðið er að hjálpa ungu fólki að finna lífi sínu farveg með starfsþjálfun, sjálfstyrkingu, ráðgjöf og fræðslu um nám og störf.

**Verkefnið stendur í 12 vikur
frá 25. september - 18. desember 2017**

Dagana 25. september - 20. október er fræðsla og ráðgjöf um nám og störf hjá Námsflokkum Reykjavíkur. Alla virka daga eftir hádegi.

Í síðustu vikunni 11.-15. desember verður unnið lokaverkefni á mánudegi og föstudegi.

Starfsþjálfun fer fram þrjú heila vinnudaga þri., mið. og fim., allt að 6 tíma á dag í allt að 8 vikur, frá 10. október - 14. desember. Möguleiki á að vinna 144 tíma í heildina.

Á sama tíma er sjálfstyrking, náms- og starfsfræðsla og hópefli og menning, mán. kl. 13:20-14:40 og fös. kl. 12-14.

Fræðsla og ráðgjöf eru veitt í húsnæði Námsflokka Reykjavíkur að Suðurlandsbraut 32, 2. hæð (og í Fablab í húsnæði Fjölbrautarskólans í Breiðholti).

Starfsþjálfun fer fram á vinnustöðum. Reynt verður eftir megni að finna þá vinnustaði sem þátttakendur kjósa.

Greitt verður fyrir störf þátttakenda þá daga sem starfsþjálfunin fer fram. Að verkefninu loknu eiga þátttakendur að hafa fengið reynslu af vinnumarkaði sem hjálpar þeim að útvega sér vinnu og halda henni. Þeir sem standa sig vel í starfsþjálfuninni geta beðið um meðmæli en einnig átt möguleika á að fá framlengingu eða fasta ráðningu.

**Verkefnið er samstarfsverkefni Námsflokka Reykjavíkur,
Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Þjónustumiðstöðvar
Breiðholts og Foreldrahúss.**

**Elma Vagnsdóttir, s. 411-1300, tekur við ábendingum um
mögulega þátttakendur.**

**Nánari upplýsingar veita:
Jódís Káradóttir s. 411-6540, gsm: 664-8606,
Elma Vagnsdóttir, s. 411-1300**

Fræðslan tekur mið af námskrá framhaldsskólanna í lífsleikni, auk náms- og starfsfræðslu, námstækni og fræðslu um vinnumarkað.

Fræðsluhlutinn er tæplega 100 kennslustundir og er möguleiki á að fá það nám metið til eininga á framhaldsskólastigi í samræmi við reglur þess skóla sem nám er stundað við. Þeir áfangar sem til greina koma eru Lífsleikni og hugsanlega valeiningar hvernar brautar.



ATH. Nemendur fá greidd laun á starfstíma.

Er starfsKRAFTUR eitthvað fyrir þig?

Hringdu og kannaðu málið!
Síminn hjá
Námsflokkum Reykjavíkur er
411-6540

